



Skýrsla Fjármála- og áhættustýringarsviðs

Við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2024



Reykjavík

Borgarráð

Ársreikningur Reykjavíkurborgar 2024 samanstendur af samanteknum reikningi A- og B-hluta, og uppgjöri A-hluta sem samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði. Rekstur innan A-hluta er að hluta eða öllu leyti fjármagnaður með skatttekjum. Leiga fasteigna, gatna, áhalda, tækja og búnaðar er reiknuð í samræmi við reglur og leiðbeiningar um reikningsskil sveitarfélaga, þar sem eignir eru eignfærðar hjá Eignasjóði og leigðar til Aðalsjóðs. Til B-hluta teljast eftirtalin fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru að minnsta kosti í helmingseigu borgarinnar: Faxaflóahafnir sf., Félagsbústaðir hf., Jafnlaunastofa sf., Íþrótt- og sýningahöllin hf., Malbikunarstöðin Höfði hf., Orkuveita Reykjavíkur, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs., SORPA bs., Strætó bs og Þjóðarleikvangur ehf. auk Aflvaka hf. Enginn reglubundinn rekstur er hjá Aflvaka hf. Rekstur Slökkviliðs og Strætó er að hluta fjármagnaður með framlögum eignaraðila og eru framlög Reykjavíkurborgar gjaldfærð hjá Aðalsjóði. Hluti af tekjum Íþrótt- og sýningahallarinnar, SORPU og Þjóðarleikvangs koma frá Aðalsjóði. Að öðru leyti eru fyrirtæki B-hluta rekin á grundvelli almennra þjónustutekna.

Rekstrarniðurstaða samantekins ársreiknings Reykjavíkurborgar, A- og B-hluta, var jákvæður um 10.677 m.kr. en áætlað var að reksturinn yrði jákvæður um 7.669 m.kr. sem var 3.008 m.kr. betri niðurstaða en áætlað var. Afkoma samantekins ársreiknings A- og B-hluta var 14.062 m.kr. betri árið 2024 heldur en hún var árið 2023.

Rekstrarniðurstaða A-hluta var jákvæð um 4.746 m.kr. en áætlað var að hún yrði jákvæð um 650 m.kr. Niðurstaðan var því 4.095 m.kr. betri en áætlað var. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði var jákvæð um 8.598 m.kr. en áætlað var að niðurstaða yrði jákvæð um 5.746 m.kr. Niðurstaðan fyrir fjármagnsliði var því 2.852 m.kr. betri en áætlað var.

Rekstrarniðurstaða Aðalsjóðs var neikvæð um 5.621 m.kr. í fjárhagsáætlun var áætlað að niðurstaðan yrði neikvæð um 8.442 m.kr. og var niðurstaðan því um 2.821 m.kr. betri en áætlað var.

Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 10.367 m.kr. við gerð fjárhagsáætlunar var áætlað að niðurstaðan yrði jákvæð um 9.092 m.kr. og niðurstaðan því 1.274 m.kr. betri en áætlað var.

Reikningsskil byggðasamlaga og sameignarféлага í meirihlutaeign Reykjavíkurborgar eru færð inn í samantekin reikningsskil Reykjavíkurborgar miðað við hlutfallslega ábyrgð borgarinnar í samræmi við breytingar á reglugerð nr. 1212/2015, samanber reglugerð nr. 230/2021. Breytingarnar tóku gildi frá og með 1. janúar 2021.

Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.

Undanskilja skal veitu- og orkufyrirtæki við útreikning á jafnvægis- og skuldaviðmiði til ársloka 2029 samanber reglugerð 1195/2024.


Skýrsla fjármála- og áhættustýringarsviðs til borgarráðs við framlagningu ársreiknings Reykjavíkurborgar 2024 er unnin með svipuðum hætti og fyrri skýrslur með ársreikningum og árshlutareikningum með áherslu á myndræna framsetningu. Tilgangurinn með skýrslunni er að gefa borgarráði glögga mynd af meginniðurstöðum uppgjörsins vegna stefnumótunar og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa. Með skýrslunni fylgja greinargerðir um Aðalsjóð, fagsvið og Eignasjóð og um B-hluta fyrirtæki.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

1.	Samantekinn reikningur A- og B-hluta	3
1.1.	Rekstur A- og B-hluta.....	3
1.2.	Efnahagur A- og B-hluta.....	6
1.3.	Sjóðstreymi A og B-hluta	7
1.4.	Fjármálareglur sveitarfélaga.....	8
2.	A-hluti	13
2.1.	Rekstur A-hluta	13
2.2.	Efnahagur A-hluta.....	17
2.3.	Sjóðstreymi A-hluta	19
	Fjármagnsliður A-hluta	22
2.4.1.	Skulda- og áhættustýring	25
2.4.	Skattspor A-hluta.....	26
	Viðauki 1: Skilgreiningar á hugtökum og kennitölur	27
	Viðauki 2: Lánveitendur A-hluta og A-og B-hluta	31
	Viðauki 3: Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið	32
	Viðauki 4: Jöfnunarsjóður, sundurliðun á greiðslum.....	33
	Viðauki 5: Lífeyrisskuldbindingar	34



1. Samantekinn reikningur A- og B-hluta

1.1. Rekstur A- og B-hluta




Rekstrarniðurstaða samantekins reiknings A- og B-hluta var jákvæð um 10,7 ma.kr. sem var 14,1 ma.kr. betri niðurstaða en árið 2023, áætlun gerði ráð fyrir 7,7 ma.kr. afgangi.

Grunnrekstur A- og B-hluta, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir, skilaði 63 ma.kr. afgangi sem var um 15 ma.kr. betri niðurstaða en árið 2023 og 6,2 ma.kr. betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlun. EBITDA í hlutfalli af tekjum var 23% og hækkar um 4%-stig milli ára.




Tekjur ársins voru 25,8 ma.kr. eða 10,3% hærri en á árinu 2023 en voru 4,8 ma.kr. yfir áætlun eða 1,8% en. Útsvartekjur hækkuðu um 7,4 ma.kr. milli ára sem skýrist að hluta til vegna annars áfanga í samkomulagi við ríkið um breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk. Samkomulagið fól í sér tilfærslu skatttekna um 0,23% frá og með árinu 2024 sem nam um 2 ma.kr. á árinu 2024. Framlag jöfnunarsjóðs hækkaði um 3,6 ma.kr. og aðrar rekstrartekjur hækkuðu um 12,8 ma.kr. þar af er hækkun tekna OR um 5,6 ma.kr. meðal annars vegna hærri tekna af heitu vatni og rafmagni, auk þess sem tekjur A-hluta af sölu byggingaréttar voru 3,2 ma.kr. hærri en árið áður.

Rekstrargjöld án afskrifta jukust um 10,4 ma.kr. eða 5,1% milli ára en voru 1,4 ma.kr. undir fjárheimildum eða 0,6%. Launakostnaður hækkaði milli ára um 7,8 ma.kr. en var 2,3 ma.kr. lægri en gert var ráð fyrir í áætlun. Lífeyrisskuldabinding var tekjufærsla upp á 758 m.kr. en var 4 ma.kr. gjaldfærsla árið 2023. Ástæðuna fyrir tekjufærslu má að mestu rekja til




meiri ávöxtunar eigna lífeyrissjóðsins árið 2024¹. Annar rekstrarkostnaður hækkaði 7,4 ma.kr. milli ára en var 3,7 ma.kr. hærri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins.

Fjármagnsgjöld hækkuðu um 3,5 ma.kr. milli ára en voru á pari við áætlun ársins.




Ef rekstrarliðir eru bornir saman við áætlun með viðaukum þá voru skatttekjur og tekjur af Jöfnunarsjóði 315 m.kr. undir áætlun sem skýrist helst af því að staðgreiðsla útsvars hækkaði minna en gert var ráð fyrir í áætlun. Þjónustutekjur eru 4,1 ma.kr. yfir áætlun. Sala byggingarréttar var 1,5 ma.kr. yfir áætlun en söluhagnaður eigna var 1,5 ma.kr. undir áætlun. Laun og launatengd gjöld voru 2,3 ma.kr. innan áætlunar. Annar rekstrarkostnaður var 3,7 ma.kr. yfir áætlun sem rekja má til hærri rekstrarkostnaðar hjá A-hluta, Orkuveitunni og Sorpu, auk þess sem innri viðskipti í samstæðu voru meiri en áætlað var. Breyting lífeyrissjóðsskuldbindinga var 2,9 ma.kr. innan áætlunar. Gagnvirðisbreytingar hjá OR þróuðust með öðrum hætti en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun og enduðu með 413 m.kr. gjaldfærslu en í áætlun var gert ráð fyrir 1,7 ma.kr. tekjufærslu. Hægst hefur á hækkun fasteignaverðs og matsbreyting fjárfestingaeigna Félagsbústaða nam 2,8 ma.kr. en var 2,5 ma.kr. undir áætlun.




Fjármagnsliðurinn var neikvæður um 26 ma.kr. Vaxtagjöld og verðbætur námu 28,9 ma.kr., þar af námu verðbætur 13,2 ma.kr. Frá ársbyrjun hefur vísitala neysluverðs hækkað um 4,75%² samanborið við 5,6% sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun. Meðalverð á álverði 2024 var 2.469 USD/tonn saman borið við 2.288 USD/tonn árið 2023 eða hækkan um 6,6%. Gjaldfærsla vegna innbyggðrar álafleiðu í raforkusölusamningum nam 1,2 ma.kr. Fjármagnskostnaður var 3,4 ma.kr. lægri í ár en á árinu 2023. Þar munar mestu um lægri vaxtagjöld og verðbætur sem voru 3,4 ma.kr. lægri í ár.

¹ Nánari umfjöllun er að finna í viðauka 5 um lífeyrisskuldbindingar.

² Skuldir Reykjavíkurborgar eru reiknaðar upp miðað við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og hefur hún hækkað um 4,77% á árinu.



Matsbreyting fjárfestingareigna, sem er verðbreyting á þeim fasteignum Félagsbústaða sem ætlaðar eru til útleigu, er liður sem fylgir fasteignamati og getur sveiflast mikið eins og meðfylgjandi mynd sýnir. Matsbreytingar fjárfestingaeigna Félagsbústaða á árinu 2024 námu 2,8 ma.kr. sem endurspeglar hækkun fasteignamats á tímabilinu febrúar 2023 til febrúar 2024 umfram vísitöluhækkun febrúar 2023 til áramóta 2023 og hækkun vísitölu frá febrúar 2024 og til áramóta 2024.




Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum (álafleiðan) og gengismunur hjá OR hafa jafnan mikil áhrif á fjármagnslið A- og B-hluta eins og myndin hér að ofan sýnir. Í ár nam gjaldfærsla vegna álafleiðu 1.247 m.kr. en tekjufærsla var vegna gengismunar 813 m.kr.

1.2. Efnahagur A- og B-hluta

Efnahagur A- og B-hluta (m.kr.)	31.12.2024	31.12.2023	Breyting	%
Fasteignir og lóðir	199.024	188.039	10.986	5,8%
Veitukerfi	431.068	416.886	14.183	3,4%
Fjárfestingaeignir	161.109	157.086	4.023	2,6%
Götur	41.101	38.705	2.396	6,2%
Aðrir fastafjármunir	35.412	32.651	2.760	8,5%
Langtímakröfur	22.101	14.124	7.977	56,5%
Fyrirframgreiddur kostnaður Lsj. Brú	8.092	8.496	-404	-4,8%
Veltufjármunir án handb. fjár	46.784	49.278	-2.493	-5,1%
Handbært fé	34.133	27.085	7.048	26,0%
Eignir samtals	978.825	932.349	46.476	5,0%
Eigið fé	453.852	437.089	16.763	3,8%
Lífeyrisskuldbinding (langtíma)	37.049	39.602	-2.553	-6,4%
Næsta árs afborganir lífeyrisskulda	2.039	1.961	78	4,0%
Aðrar skuldbindingar	30.837	29.943	894	3,0%
Langtímalán	375.406	342.089	33.317	9,7%
Leiguskuldir	10.933	11.392	-459	-4,0%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	31.223	31.688	-465	-1,5%
Aðrar langtímaskuldir	1.885	2.007	-123	-6,1%
Fyrirfram innborganir	356	392	-36	-9,2%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb. og fyrirfram innb.	35.246	36.185	-940	-2,6%
Skuldir og skuldbindingar samtals	524.973	495.261	29.713	6,0%
Skuldir og eigið fé samtals	978.825	932.349	46.476	5,0%

Hækkun eigin fjár um 16,8 ma.kr. milli ára skýrist af jákvæðri rekstrarafkomu sem nam 10,7 ma.kr. ásamt endurmatshækkun fastafjármuna sem nam 4,9 ma.kr. Endurmat vegna framleiðslu- og veitukerfi hækkuðu um 2,4 ma.kr. að frádregnum tekjuskatti og vegna lóða A-hluta, sem tekjur vegna lóðarleigu reiknast af námu 2,6 ma.kr. Þýðingarmunur vegna eigna OR sem gerðar eru upp í erlendum gjaldmiðlum var jákvæður um 1,1 ma.kr.




Hreinar vaxtaberandi skuldir³ jukust um 23 ma.kr. milli ára en hreinar skuldir jukust um 25 ma.kr. Hækkun hreinna vaxtaberandi skulda milli ára má einkum rekja til nýrra lána umfram afborganir, verðbóta og hækkunar á handbæru fé milli ára.


³ Hreinar skuldir eru skilgreindar sem allar skuldir og skuldbindingar að frádregnum fyrirframgreiddum kostnaði (langtíma), öðrum langtímakröfum og veltufjármunum.

Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.


1.3. Sjóðstreymi A og B-hluta



Handbært fé hækkaði á árinu um 7 ma.kr. Fjárfestingar að frádregnum seldum eignum námu 55,9 ma.kr., greidd gatnagerðargjöld og seldur byggingarréttur námu 8,3 ma.kr. Lántaka og ný stofnframlög námu 51,8 ma.kr. á árinu og afborganir lána og leiguskulda námu 32,5 ma.kr. Nýjar leiguskuldir námu 1 ma.kr. en þær hafa ekki áhrif á sjóðstreymið.



Veltufé frá rekstri gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því herra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til vaxtar og viðhalds eigna. Miklar greiðsluskuldbindingar og fjárfestingarþörf A- og B-hluta kalla á hátt hlutfall veltufjár frá rekstri af tekjum.




Greiðslugeta A- og B-hluta til að standa undir afborgunum lána og framlagi vegna lífeyrisskuldbindinga er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur. Myndin sýnir að veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur standa ekki undir fjárfestingum nema að hluta.

1.4. Fjármálareglur sveitarfélaga


Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025 til að liðka fyrir möguleikum sveitarfélaganna að grípa til viðspyrnu og sóknar í stað samdráttaraðgerða vegna áhrifa kórónuveirufaraldursins.

Jafnvægisregla og jafnvægisviðmið



Skv. 64. gr. sveitarstjórnarlaga skulu samarlög heildarútgjöld samstæðu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en nemur samarlögðum reglulegum tekjum og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Er hún skilgreind í reglugerð nr. 502/2012 um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga. Undanskilja skal veitu- og orkufyrirtæki við útreikning á jafnvægis- og skuldaviðmiði til ársloka 2029 samanber reglugerð 1195/2024.

Skuldaregla og skuldaviðmið



Skv. 64 gr. sveitarstjórnarlaga skulu skuldir og skuldbindingar samstæðu sem hlutfall af reglubundnum tekjum vera innan við 150% og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina. Ákvæði um að undanskilja veitu- og/eða orkufyrirtæki við útreikning á skuldaviðmiði gildir til ársloka 2029.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu A- og B-hluta Reykjavíkurborgar síðastliðin 5 ár⁴.

A- og B-hluti	2020	2021	2022	2023	2024
Eiginfjárhluftfall	46,9%	48,5%	48,8%	46,9%	46,4%
Arðsemi eigin fjár	-0,7%	7,2%	1,7%	-0,7%	2,6%
Veltufjárhluftfall	1,26	1,44	1,14	1,09	1,18
Langtímaskuldir/eigið fé	81,2%	76,5%	74,8%	81,3%	85,5%
Uppgreiðslutími	11	13	13	11	10
Skuldaviðmið skv sveitarstj lögum	89%	93%	107%	110%	104%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	14%	12%	12%	14%	15%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	18%	21%	17%	19%	23%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Rekstrarniðurstaða **A- og B-hluta** var jákvæð um 10,7 ma.kr. sem var 14,1 ma.kr. betri niðurstaða en árið 2023, áætlun gerði ráð fyrir 7,7 ma.kr. afgangi. Tekjur hækkuðu um 25,8 ma.kr. samanborið við árið 2023 eða 10,3%. EBITDA í hlutfalli af tekjum var 23% og hækkar um 4%-stig milli ára. Rekstrargjöld án afskrifta jukust um 10,4 ma.kr. eða 5,1% milli ára en voru 1,4 ma.kr. undir fjárheimildum. Mestur vöxtur í tekjum milli ára var í útsvarstekjum sem og í tekjum Orkuveitunnar af heitu vatni og rafmagni.
- Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.
- Undanskilja skal veitu- og orkufyrirtæki við útreikning á jafnvægis- og skuldaviðmiði til ársloka 2029 samanber reglugerð 1195/2024.
- Rekstrarniðurstaða **A-hluta** var jákvæð um 4,7 ma.kr. og var 9,7 ma.kr. betri niðurstaða en árið 2023, áætlun gerði ráð fyrir 650 m.kr. afgangi. Tekjur hækkuðu um 18 ma.kr. samanborið við árið 2023 eða 10,2%, sem skýrast að mestu af auknum skatttekjum. EBITDA í hlutfalli af tekjum var 9,3% og hækkar um 4,8%-stig milli ára. Rekstrargjöld án afskrifta jukust um 7,8 ma.kr. eða 4,7% milli ára en voru 430 m.kr. innan fjárheimilda.

⁴ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum ársreikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í ársreikningi sé breytt.

- Hækkun fasteignaverðs hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu **Félagsbústaða** vegna matsbreytinga en segir lítið um grunnrekstur félagsins nema að ábati af hækkun fasteignaverðs verði innleystur með sölu eigna. Til að meta stöðu grunnrekstrar er eðlilegra að horfa til rekstrarhagnaðar (EBITDA) sem hækkaði um 24,8% á milli ára, en tekjur hækkuð um 9,6% og rekstrargjöld hækkuðu um 0,7%. Tekjur félagsins fylgja vísitölu neysluverðs, sem þýðir að hækkun fasteignaverðs og byggingarkostnaðar umfram verðlag hefur neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins vegna aukins kostnaðar við rekstur og viðhald fasteigna og öflun nýrra eigna.
- Veltufé frá rekstri **Félagsbústaða** nam 1.654 m.kr. á árinu 2024 og er hærra en afborganir langtímalána sem námu 1.606 m.kr. Afborganir lána hafa hækkað um 11,7% milli ára vegna verðbólgu og vegna þess að stór hluti lánanna er að eldast og afborgunarhluti að vaxa. Vaxtaþekja hækkaði í 2,23 og skuldaþekja hækkaði einnig í 1,01 árið 2024 (1,80 og 0,86 í lok árs 2023). Vaxtaþekja er yfir lágmarki 1,4 og skuldaþekja er einnig yfir lágmarki sem er 0,9. Vaxtaþekja lýsir hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta og skuldaþekja mælir greiðsluhæfi fyrirtækis.
- Rekstrarniðurstaða **OR** var jákvæð um 9,3 ma.kr. sem er hækkun um 2,9 ma.kr. milli ára. Meginskýring á hækkun afkomu er vegna hækkunar á tekjum.
- Gjaldeyrissáhætta **OR** er einkum vegna erlendra lána og einnig tekna hjá ON Power. Á árinu 2024 voru tekjur í erlendri mynt 10,2 ma.kr. á meðan kostnaður og afborganir í erlendri mynt nam 12,3 ma.kr. Það er sambærilegt miðað við árið 2023.









Ábendingar fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Áfram hefur verið unnið eftir gildandi fjármálastefnu sem mótuð var í upphafi kjörtímabilsins. Allir mælikvarðar A-hluta sýna jákvæða þróun á árinu. Mikilvægt er að halda áfram á sömu braut til að tryggja að markmiðum fjármálastefnunnar verði náð.
- Heildarútgjöld brúttó til leikskóla sem borgin rekur hafa hækkað um 9,2% á föstu verðlagi frá 2019. Útgjöld á hvert barn í leikskólum sem borgin rekur hafa hækkað um 3,4% á föstu verðlagi frá árinu 2019. Minni aukning á barn en heildarhækkun kemur til vegna fjölgunar barna þar sem kostnaður dreifist á fleiri börn. Tekjur hafa dregist saman á föstu verðlagi og voru á árinu 2024 9% lægri í heild en þær voru 2019. Tekjur á hvert barn hafa lækkað um 19% sem kemur til þar sem gjaldskrá hefur ekki haldið í við hækkun verðlags auk áhrifa afsláttar. Kostnaðarþátttaka foreldra var 9,9% á árinu 2019 en var 7,7% árið 2024. Mikilvægt er að mótuð verði stefna borgarinnar um kostnaðarþátttöku foreldra vegna reksturs leikskóla.
- Rekstrarniðurstaða skóla- og frístundasviðs var 2.492 m.kr. yfir samþykktum fjárheimildum. Stærstur hluti frávíks má rekja til borgarrekinnar leikskóla, 2.230 m.kr. eða 11,8% umfram fjárheimildir. Á síðustu tveimur árum hefur verið unnið að því að greina með ítarlegum hætti forsendur rekstrar leikskólanna og setja upp nýtt reiknilíkan til úthlutunar á fjárheimildum. Í því skyni voru teknar frá 1.737 m.kr. miðlægt til að mæta kostnaði á grundvelli forsenda líkansins. Nýtt úthlutunarlíkan fyrir leikskóla borgarinnar hefur verið tekið í notkun frá og með 1. janúar 2025. Mikilvægt er að farið sé að þeim leikreglum sem samþykktar hafa verið í borgarráði um rekstur og eftirlit á grundvelli þess.
- Vetrarþjónusta var 1,1 ma.kr. yfir fjárheimildum. Á undanförunum árum hefur vetrarþjónustan verið mikið umfram áætlun. Unnin hefur verið greining á þjónustustigi og það kostnaðarmetið. Á árinu 2024 var byrjað að vinna skv. tillögum stýrihóps um breytingar á vetrarþjónustu án þess að fjármagni hafi verið bætt í áætlun, tekið er að einhverju leyti tillit til þessara breytinga í áætlun 2025. Mikilvægt er að fylgst verði með árangri af umbótum.
- Heildarkostnaður Reykjavíkurborgar vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 23.373 m.kr. en tekjur námu aðeins 16.504 m.kr. Heildarniðurstaða var því neikvæð um 6.869 m.kr. Starfshópur sem skipaður var snemma á árinu til að takast á við þá þætti sem enn var ósamið um í kostnaðarskiptingu ríkis og sveitarfélaga í málaflokknum skilaði af sér skýrslu í september 2024. Á grundvelli hennar hefur nú verið gert samkomulag um aðkomu ríkisins að þjónustu við börn og ungmenni með fjölþættan vanda. Enn hefur ekki verið tekið á við kostnaðar- og ábyrgðarskiptingu vegna öryggisvistar 18 ára og eldri, eða stöðu og framtíð þjónustu við ungt fólk á hjúkunarheimilum. Þá er skýrt að mikil uppbyggingarþörf er fyrir fatlað fólk sem óskar eftir og metið er í þörf fyrir sértækt húsnæði á næstu 7-10 árum sem er ófjármagnað.
- Uppsafnaður halli málaflokks fatlað fólks hefur vaxið hratt síðustu árin og er kominn í 50,7 ma.kr. að nafnvirði frá því að sveitarfélögin tóku við málaflokknum árið 2011. Þrátt fyrir auknar tekjutilfærslur í gegnum útsvarið á síðustu tveimur árum dugar það ekki fyrir þeim lögbundnu skyldum sem lagðar hafa verið á sveitarfélögin.
- Útgjöld vegna barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir voru 1.262 m.kr. eða 78% umfram fjárheimildir. Hér er um að ræða alvarlega stöðu þar sem kostnaður hefur aukist jafnt og þétt á síðustu árum. Undirritað samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá mars 2025, um ábyrgð á rekstri og kostnaði barna með fjölþættan vanda, er liður í að skýra verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.
- Útgjöld hjúkunarheimila umfram tekjur frá ríkinu til rekstrar voru 376 m.kr. Viðvarandi rekstrarhalli hefur verið á Seljahlíð þar sem daggjöld standa ekki undir kostnaði sökum smæðar heimilisins. Reykjavíkurborg hefur sagt upp samningi við ríkið um rekstur Seljahlíðar sem átti að koma til framkvæmda á síðasta ári. Að beiðni ríkisins hefur samningurinn verið framlengdur til 30.06.2025 en á móti koma 8,6 m.kr. mánaðarlega í viðbótargreiðslur til reksturs heimilisins frá sept. 2024 til júní 2025. Halli af rekstri Droplaugarstaða kemur m.a. til af afskriftum og fjármagnskostnaði (innri leigu). Halli vegna

Þessa er óásættanlegur í ljósi þess að ríkið ber alla ábyrgð á fjármögnun rekstrarins. Þar sem Reykjavíkurborg fjármagnaði byggingu Droplaugarstaða að fullu á sínum tíma, ber ríkinu að greiða auk daggjalda kostnað sem svarar til innri leigu til að gætt sé jafnræðis á milli rekstraraðila hjúkrunarheimila á landsvísu. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg sækji hækkunir vegna þessa sem og eðlilegra útgjaldahækkana svo unnt sé að halda uppi umsömdu þjónustustigi. Þá er brýnt að niðurlagning hjúkrunnarrýma í Seljahlíð nái fram að ganga.


- Mikilvægt er að rýna fjármagnsskipan **Faxaflóahafna** með hliðsjón af kröfum eigenda um arðsemi og eiginfjárlutfall.
- Mikilvægt er að tryggja **Félagsbústöðum** sterkt veltufé frá rekstri til að standa undir afborgunum og stuðla þannig að sjálfbærni í rekstri. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna getur aukið þrýsting á hækkun leigu.
- Unnið er að endurskoðun á rekstrarlíkani **Félagsbústaða** með hliðsjón að því að tryggja sjálfbærni félagsins. Mikilvægt er að niðurstöður þeirrar vinnu liggi fyrir sem fyrst.
- Framlegð **Orkuveitu Reykjavíkur** (EBITDA / rekstrartekjur) er 58,5% en var 58,4% á síðasta ári. Mikilvægt er að framlegð reksturs OR haldist stöðug og góð þar sem fyrirtækið er viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs. Að sama skapi er mikilvægt að félagið hafi á hverjum tíma getu til að greiða eigendum sínum eðlilegan arð af því fé sem bundið er í félaginu.
- Lán **OR** sem hafa eigendaábyrgð nema um 41,4 ma.kr. en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 38,7 ma.kr. og hefur farið lækkanði síðustu ár.
- Færsla endurvinnslustöðvarinnar á Sævarhöfða og breytingar á öðrum endurvinnslustöðvum kalla á töluverðar fjárfestingar á árunum 2025-2028. Fjárfestingar í endurvinnslustöðvum greiðist beint af sveitarfélögunum með beinum fjárframlögum. Reikna stjórnendur **SORPU** með að þessar breytingar verði fjármagnaðar með lántöku og því ljóst að eiginfjárlutfall SORPU mun lækka á komandi árum. Má búast við að eiginfjárlutfallið muni fara niður fyrir 50% á næstu árum.
- Gert er ráð fyrir að endurvinnslustöðin að Dalvegi verði lokað í september 2025. Mikilvægt er að hugað sé að ásættanlegri lausn áður en til lokunar á stöðinni kemur.
- Árið 2024 var fyrsta heila rekstrarárið í útflutningi á brennanlegum úrgangi til orkuendurvinnslu og minnkaði magn urðunar um 90% á milli ára. Mikilvægt er að huga að undirbúningi að framtíðarlausnum varðandi brennanlegan úrgang.
- Vinnuhópur er í gangi við að greina rekstur **SORPU** og koma með tillögur í samræmi við sátt við ESA um breytingar á rekstrarformi samlagsins. Þarf nýtt rekstrarform SORPU að koma til framkvæmda eigi síðar en 1.1.2027.
- Fyrir liggur samkomulag ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um sameiginlegan rekstur almenningssamgangna. Breytingin mun hafa mikil áhrif á framtíðarrekstur **Strætó bs.** Mikilvægt er að gætt sé að fjárhagslegum hagsmunum Strætó bs. við þær breytingar.

Aðrir áhugaverðir mælikvarðar A- og B-hluta



2. A-hluti

2.1. Rekstur A-hluta



Rekstur A-hluta (í m.kr.)	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%	Raun 2023	Breyting	%
Staðgreiðsla	131.896	131.882	13	0,0%	121.172	10.724	8,9%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-19.472	-19.470	-2	0,0%	-16.277	-3.195	19,6%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	2.866	4.320	-1.454	-33,7%	3.023	-156	-5,2%
Nettó útsvar	115.290	116.733	-1.443	-1,2%	107.918	7.373	6,8%
Fasteignaskattar	26.971	26.996	-25	-0,1%	25.108	1.862	7,4%
Lóðarleiga	2.480	2.477	2	0,1%	2.294	186	8,1%
Afskrifaðir/niðurfærðir fasteignaskattar, breyting	7	0	7		1	0	
Fasteignaskattar samtals	29.457	29.473	-16	-0,1%	27.403	2.048	7,5%
Skatttekjur samtals	144.747	146.206	-1.459	-1,0%	135.321	9.421	7,0%
Framlög Jöfnunarsjóðs	16.997	15.845	1.152	7,3%	13.383	3.615	27,0%
Þjónustutekjur	14.250	12.874	1.376	10,7%	13.449	801	6,0%
Eignatekjur	37.337	36.545	792	2,2%	31.070	6.267	20,2%
Sala byggingaréttar	5.447	4.000	1.447	36,2%	2.341	3.106	132,6%
Söluhagnaður (-tap) eigna	672	2.200	-1.528	-69,4%	657	16	2,4%
Endurgreiðslur annarra	10.418	8.212	2.205	26,9%	9.776	642	6,6%
Aðrar tekjur	2.248	1.791	456	25,5%	3.478	-1.231	-35,4%
Milliviðskipti tekin út	-37.665	-35.845	-1.821	5,1%	-33.067	-4.599	13,9%
Rekstrartekjur samtals	194.451	191.829	2.622	1,4%	176.408	18.037	10,2%
Laun og launatengd gjöld	-104.695	-105.099	404	-0,4%	-98.280	-6.415	6,5%
Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar við LsRb.	847	-2.100	2.947	-140,3%	-3.760	4.606	-122,5%
Launakostnaður samtals	-103.848	-107.199	3.351	-3,1%	-102.040	-1.808	1,8%
Annar rekstrarkostnaður	-72.443	-69.522	-2.921	4,2%	-66.418	-6.025	9,1%
Afskriftir	-9.561	-9.361	-200	2,1%	-8.776	-785	8,9%
Rekstrargjöld samtals	-185.852	-186.082	230	-0,1%	-177.234	-8.619	4,9%
Fjármagnsliðir og hlutd. í afkomu hlutdeildarf.	-3.853	-5.096	1.244	-24,4%	-4.143	291	-7,0%
EBITDA	18.159	15.108	3.052	20,2%	7.950	10.209	128,4%
EBIT	8.598	5.746	2.852	49,6%	-826	9.424	-1141,1%
Rekstrarniðurstaða	4.746	650	4.095	629,9%	-4.969	9.715	-195,5%


Rekstrarniðurstaða A-hluta árið 2024 var jákvæð um 4,7 ma.kr. sem var 9,7 ma.kr. betri niðurstaða en árið 2023. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir að rekstrarniðurstaðan yrði jákvæð um 650 m.kr. **Grunnreksturinn**, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) var jákvæð um 18,2 ma.kr. sem var um 10,2 ma.kr. betri niðurstaða en fyrir ári síðan en 3 ma.kr. betri en gert var ráð fyrir í áætlun. Rekstrartekjur voru 2,6 ma.kr. yfir áætlun og rekstrargjöld að afskriftum undanskildum voru 430 m.kr. innan fjárheimilda.

Tekjur: Skatttekjur voru 144,7 ma.kr. eða 1,5 ma.kr. undir áætlun, þar af var **staðgreiðsla útsvars** á pari við áætlun. Staðgreiðsla útsvars hækkaði um 10,7 ma.kr. milli ára. Í desember 2023 náðist annar áfangi í samkomulag við ríkið um breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk. Samkomulagið fól í sér tilfærslu skatttekna frá ríkinu til sveitarfélaga um 0,23% frá og með árinu 2024. Rekja má 2 ma.kr. hækkun í staðgreiðslu útsvars milli ára til þeirra breytingar. Fyrsta samkomulagið var gert í desember 2022 og fól í sér tilflutning skatttekna á 0,22% af útsvarsstofni frá og með árinu 2023. Sé hins vegar horft til hækkunar útsvars frá upphafi árs 2023 hefur prósentuhækkun beggja ára skilað 4 ma.kr. hærra útsvari. Þrátt fyrir samkomulagið glíma sveitarfélög enn við mikla vanfjármögnun vegna málaflokks fatlaðs fólks og er það eitt af áherslum Reykjavíkurborgar í gildandi fjármálastefnu að leiðrétta fjármögnun hans. Tekjur vegna **skattbreytinga ásamt niðurfærslum og afskrift skatttekna** voru 2,9 ma.kr. eða 1,5 ma.kr. undir áætlun og lækka um 156 m.kr. samanborið við síðasta ár. **Fasteignaskattar**⁵ voru 29,5 ma.kr. á pari við áætlun. **Framlög Jöfnunarsjóðs** voru 1,2 ma.kr. yfir áætlun aðallega vegna hærri framlaga til málefna fatlaðs fólks sem kemur m.a. til af hærri útsvarstekjum á landsvísi en áætlað var. **Endurgreiðslur annarra**⁶ námu 10,4 ma.kr. og voru 2,2 ma.kr. yfir áætlun, þar af voru endurgreiðslur frá ríki og öðrum sveitarfélögum 1,9 ma.kr. yfir áætlun og ýmsir styrkir 316 m.kr. yfir áætlun. Mest frávik voru í framfærslustyrk v. erlendra ríkisborgara sem var 285 m.kr. yfir áætlun og greiðslur vegna Klettaskóla 251 m.kr. yfir áætlun. **Sala byggingarréttar** nam 5,4 ma.kr. og var 1,5 ma.kr. yfir áætlun. **Söluhagnaður eigna** var 1,5 ma.kr. undir áætlun. **Þjónustutekjur** voru 14,3 ma.kr. eða 1,4 ma.kr. hærri en áætlað var.

Gjöld: Laun og launatengd gjöld námu 104,7 ma.kr. og voru 404 m.kr. innan fjárheimilda. Mest frávik voru á skóla- og frístundasviði þar sem launakostnaður var 1.857 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,5%, sem kemur til vegna meiri afleysinga vegna veikinda, aukins stuðnings og móttöku hælisleitenda ásamt aukinnar þjónustu við önnur sveitarfélög. Fjárheimildir til SFS vegna rekstur leikskóla að fjárhæð 1.673 m.kr. eru færðar miðlægt þar til nýtt rekstrarlíkan verður tekið í notkun á árinu 2025. Fráviki á velferðarsviði án bundinna liða var 1.003 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,3%. Frávik skýrist meðal annars af ófyrirséðum kostnaði vegna afleysinga starfsfólks sem fór í orlof janúar-apríl, áætluð fjárhæð 314 m.kr., langtímaveikindum og stöðugildum vegna nýrra úrræða sem opnuðu á árinu.

Breyting lífeyrisskuldbindingar var til lækkunar og nam tekjufærsla 846 m.kr. en í áætlun var gert ráð fyrir 2,1 ma.kr. gjaldfærslu. Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) var sameinaður Brú lífeyrissjóði í ársbyrjun og er nú Lífeyrissjóður Brú R-deild. Góð ávöxtun var af eignum **R-deildar** sem leiddi til að tryggingarfræðileg skuldbinding lækkaði um 2,3 ma.kr. Í desember voru undirritaðir nýir kjarasamningar sem hafa veruleg áhrif á lífeyrisskuldbindinguna en voru fyrir utan tryggingarfræðilega matið þar sem það miðast við vísitölu lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna frá 1. desember 2023 - 30. nóvember 2024. Þar sem þessar launahækkanir tilheyrðu árinu 2024 og hafa varanleg áhrif á lífeyrisskuldbindinguna voru áhrifin metin og gerð varúðargjaldfærsla upp á 1,2 ma.kr. Engu að síður er um 1,1 ma.kr. lækkun á lífeyrisskuldbindingunni að ræða. Einnig er færð til gjalda og skuldar áfallin lífeyrisskuldbinding vegna tryggingarfræðilegs endurmats Lífeyrissjóðs Brúar **A-deildar** vegna starfsmanna sem höfðu hafið töku lífeyris eða höfðu náð 60 ára aldri árið 2017. Árið 2023 var tryggingarfræðileg staða A-deildar utan vikmarka og því kemur til bakábyrgðar launagreiðanda. Lífeyrisskuldbinding vegna þessa hóps er því færð upp í annað sinn í ársreikning Reykjavíkurborgar í ár og nemur gjaldfærsla vegna hennar 209 m.kr.


Annar rekstrarkostnaður nam 72 ma.kr. og var um 2,9 ma.kr. eða 4,2% umfram fjárheimildir en tekjur koma á móti hluta þessa kostnaðar.⁷ Helstu frávik frá áætlun í öðrum rekstrarkostnaði er að finna á skóla- og frístundasviði m.a. í hráefniskostnaði mótuneyta sem var 458 m.kr. yfir fjárheimildum. Á velferðarsviði má rekja frávik sviðsins meðal annars til vistgreiðslna vegna barna á vegum Barnaverndar Reykjavíkur sem voru 1,3 ma.kr. yfir fjárheimildum. Rekstur og umhirða borgarlandsins var 1,3 ma.kr. umfram fjárheimildir aðallega vegna vetrarþjónustu sem var 1,1 ma.kr. umfram fjárheimildir.



⁵ Fasteignaskattar A-hluta samanstanda af fasteignasköttum Aðalsjóðs að fráðregnum fasteignagjöldum af fasteignum Eignasjóðs.

⁶ Nánari sundurliðun á endurgreiðslum annarra er að finna í umfjöllun um Aðalsjóð í greinargerð fagsviða og sjóða A-hluta.

⁷ Nánari greiningu rekstrargjalda má finna í greinargerð fagsviða með árschlutareikningi Reykjavíkurborgar 2024.



Viðsnúningur varð í rekstri A – hluta milli ára 2024 og 2023 sem skilaði 9,7 ma.kr. betri rekstrarniðurstöðu. Skatttekjur ásamt tekjum frá Jöfnunarsjóði jukust um 13,7 ma.kr. frá 2023, þar af jókst staðgreiðsla útsvars um 10,7 ma.kr. Í desember 2022 náðist samkomulag við ríkið um breytingu á fjármögnun á þjónustu við fatlað fólk. Samkomulagið fól í sér tilfærslu skatttekna frá ríkinu til sveitarfélaga sem nam 0,22% af útsvarsstofni frá og með árinu 2023. Annað samkomulag varð að veruleika í desember 2023 um hækkun útsvarstekna um viðbótar 0,23% frá og með árinu 2024. Rekja má 2 ma.kr. hækkun í staðgreiðslu útsvars milli ára til þeirra breytinga. Launa og launatengd gjöld hækkaði um 6,4 ma.kr. á milli ára en nýir kjarasamningar við nokkur stéttarfélög hafa hér nokkur áhrif. Lífeyrisskuldbinding lækkar milli ára og olli því jákvæðri breytingu sem nam 4,6 m.kr. milli ára. Annar rekstrarkostnaður jókst um 6 ma.kr. milli ára og afskriftir um 785 m.kr.

Rekstur málaflokkanna

Rekstur málaflokka (í m.kr.)	Niðurstaða 2024	Áætlun 2024	Frávik	%	Nettó útgjöld málaflokka í hlutfalli af skatttekjum A-hluta
Fjármála- og áhættustýringarsvið	1.112	1.179	-67	-6%	1%
Framlög til B-hluta fyrirtækja	5.493	5.486	7	0%	3%
Menningar- og íþróttasvið	19.865	19.872	-7	0%	12%
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	922	918	5	0%	1%
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	2.296	2.458	-162	-7%	1%
Skóla- og frístundasvið	79.998	77.506	2.492	3%	49%
Umhverfis- og skipulagssvið Aðalsjóðs	11.829	11.712	117	1%	7%
Velferðarsvið án bundinna liða	41.917	40.161	1.757	4%	26%
Velferðarsvið, bundnir liðir	4.407	5.267	-860	-16%	3%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	4.611	4.171	440	11%	3%
Sameiginlegur kostnaður	5.309	8.931	-3.622	-41%	3%
Lífeyrisskuldbindingar við LsRb	-847	2.100	-2.947	-140%	-1%
Málaflokkar Aðalsjóðs samtals	176.912	179.760	-2.847	-2%	109%
Skatttekjur A-hluta og framlög Jöfnunarsjóðs íslenskra sveitarfélaga					161.745
Eignaskrifstofa	-20.146	-21.183	1.037	-5%	
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu ES	-4.987	-3.646	-1.341	37%	
Umhverfis- og skipulagssvið Eignasjóðs	4.023	4.065	-42	-1%	
Málaflokkar Eignasjóðs samtals	-21.110	-20.764	-346	2%	

Rekstur málaflokka Aðalsjóðs án lífeyrisskuldbindingar var 100 m.kr. yfir fjárheimildum en þar af var skóla- og frístundasvið 2,5 ma.kr. yfir fjárheimildum og velferðarsvið án bundinna liða⁸ var 1,8 ma.kr. yfir fjárheimildum. Frávik á sameiginlegum kostnaði skýrist að stórum hluta af fjárheimildum vegna nýs leikskólaálkans eða 1,7 ma.kr. Frávik í skrifstofum miðlægrar stjórnsýslu í Eignasjóðs skýrist að mestu af hærri tekjum af sölu byggingarréttar. Í síðasta dálki töflunnar má sjá hversu hátt hlutfall af skatttekjum þ.e. útsvari og fasteignaskatti er varið til viðkomandi málaflokka. Nettó útgjöld til þeirra námu 176,9 ma.kr. en skatttekjur A-hluta ásamt framlögum frá Jöfnunarsjóði námu 161,7 ma.kr.


⁸ Bundnir liðir eru fjárhagsaðstoð og húsnæðisstuðningur.

Í meðfylgjandi töflu er framsetningu í samþykktri fjárhagsáætlun sviðanna fylgt og sýndar fjárhæðir fyrir niðurstöðu ársins, upprunaleg áætlun, endurskoðuð áætlun og gerður samanburður niðurstöður ársins 2023, sjá nánar í greinargerð fagsviða.

Aðalsjóður fagsvið	Eining	Raun 2024	Upprunaleg áætlun 2024	Esk áætlun 2024	Mismunur á raun og esk áætlun	%	Raun 2023	Mism. milli ára	%
Fjármála- og áhættustýringarsvið	FAS	1.112	1.116	1.179	-67	-5,7%	1.074	38	3,5%
Menningar- og íþróttasvið	MIR	19.865	19.430	19.872	-7	0,0%	17.850	2.015	11,3%
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	MOS	922	860	918	5	0,5%	803	119	14,9%
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	RHS	2.296	2.280	2.458	-162	-6,6%	2.089	207	9,9%
Skóla- og frístundasvið	SFS	79.998	73.411	77.506	2.492	3,2%	74.208	5.790	7,8%
Umhverfis- og skipulagssvið	USKRK	11.829	11.482	11.712	117	1,0%	11.183	646	5,8%
Velferðarsvið án bundinna liða	VEL	41.917	38.105	40.161	1.757	4,4%	38.690	3.228	8,3%
Velferðarsvið bundnir liðir	VEL	4.407	5.267	5.267	-860	-16,3%	4.147	260	6,3%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	PON	4.611	4.083	4.171	440	10,5%	4.094	517	12,6%
Sameiginlegur kostnaður	ÖNN	4.462	17.822	11.031	-6.569	-59,6%	8.250	-3.788	-45,9%
Samtals		171.419	173.854	174.274	-2.855	-1,6%	162.386	9.033	5,6%

Sveiflukenndir liðir


Á meðal tekna A-hluta eru sveiflukenndir liðir einkum tekjur af sölu byggingaréttar og hagnaður af sölu eigna. Í góðæri og á uppbyggingarskeiðum hækka þessa tekjur oft verulega en dragast saman á samdráttarskeiðum. Á myndinni hér að neðan eru þessar tekjur sýndar síðastliðin 5 ár.



2.2. Efnahagur A-hluta

Efnahagur A-hluta (m.kr.)	31.12.2024	31.12.2023	Breyting	%
Óefnislegar eignir - hugbúnaður	5.913	5.272	641	12,1%
Fasteignir og lóðir	170.418	162.241	8.177	5,0%
Götur	40.679	38.250	2.429	6,3%
Áhöld og tæki	8.555	8.728	-172	-2,0%
Leigueignir	5.724	5.899	-176	-3,0%
Langtímakröfur	18.725	16.775	1.950	11,6%
Fyrirframgreiddur kostnaður Lsj. Brú	7.707	8.093	-385	-4,8%
Veltufjármunir án handb.fjár	22.344	22.963	-619	-2,7%
Handbært fé	12.151	11.506	645	5,6%
Eignir samtals	292.217	279.727	12.490	4,5%
Eigið fé	88.642	81.254	7.388	9,1%
Lífeyrisskuldbinding (langtíma)	36.160	38.745	-2.585	-6,7%
Næsta árs afborganir lífeyrisskulda	1.980	1.908	72	3,8%
Langtímalán	124.126	111.753	12.374	11,1%
Leiguskuldir	10.707	11.258	-552	-4,9%
Næsta árs afborganir langtímalána og leiguskulda	9.258	12.838	-3.581	-27,9%
Skammtímaskuldir án næsta árs afborgana	21.344	21.970	-626	-2,8%
Skuldir og skuldbindingar samtals	203.575	198.473	5.102	2,6%
Skuldir og eigið fé samtals	292.217	279.727	12.490	4,5%

Breyting á eigin fé skýrist auk 5 ma.kr. rekstrarafgangs af endurmati vegna lóða sem tekjur (skattur) vegna lóðarleigu reiknast af og nam 2,6 ma.kr.



Á árinu 2024 má rekja 5 ma.kr. aukningu í hreinum skuldum⁹ til 3 ma.kr. lántöku umfram afborganir lána og leiguskuld.

Lántökur A-hluta á árinu 2024 námu 16,2 ma.kr., nýjar leiguskuldir voru 809 m.kr., afborganir lána, leiguskulda og lífeyrisskuldbindinga námu 14,9 ma.kr. Verðbætur voru 4,5 ma.kr.







⁹ Hreinar skuldir eru skilgreindar sem allar skuldir og skuldbindingar að frádregnum fyrirframgreiddum kostnaði (langtíma), öðrum langtímakröfum og veltufjármunum.

Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.


Skuldir og skuldbindingar A-hluta 31.12.2024

	í m.kr.	Staðan 1.1.2024	Lántaka	Afborganir	Verðbreyting	Áfallnar skuldbindingar	Breyting skammtíma- skulda	Staðan 31.12.2024
Lífeyrisskuldbinding*		40.653		-1.667		-847		38.140
Langtímaskuldir*		122.941	16.230	-11.455	3.834			131.551
Leiguskuldbindingar*		12.908	809	-1.798	621			12.540
Skammtímaskuldir við lánastofnanir		27					-27	0
Viðskiptaskuldir		7.073					-1.029	6.045
Skammtímaskuldir við eigin fyrirtæki		882					-157	726
Fyrirframgr. (frá ríki v. Sléttuvegar)		80					0	80
Ógr. laun og launat.gj., áf. orlof		10.673					1.039	11.712
Aðrar skammtímaskuldir		3.235					-453	2.782
		198.473	17.039	-14.920	4.456	-847	-626	203.575


* ásamt næsta árs afborgunum




2.3. Sjóðstreymi A-hluta



Handbært fé frá áramótum til ársloka hækkaði um 645 m.kr. Fjárfestingar að frádregnum seldum eignum nam 19,2 ma.kr. Greidd gatnagerðargjöld og sala byggingarréttar námu 8,3 ma.kr. Lántaka ársins nam 16,2 ma.kr., engin útgáfa var í grænum skuldabréfum á árinu. Nýjar leiguskuldir námu 809 m.kr. Afborganir lána og leiguskulda námu 13,3 ma.kr.



Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var jákvætt um 6,3% á árinu 2024.











Greiðslugeta A-hluta vegna afborgana, fjárfestinga og framlags vegna lífeyrisskuldbindinga er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur.

Eftirfarandi **kennitölur** lýsa fjárhagslegri stöðu A-hluta sl. 5 ár:¹⁰

A-hluti	2020	2021	2022	2023	2024
Eiginfjárlutfall	42,6%	38,9%	32,1%	29,0%	30,3%
Arðsemi eigin fjár	-6,0%	-4,2%	-17,0%	-6,0%	5,8%
Veltufjárlutfall	1,28	1,45	1,07	0,94	1,06
Langtímaskuldir/eigið fé	69,7%	92,6%	129,9%	151,4%	152,1%
Uppgreiðslutími	17	74	n/a	12	12
Skuldaviðmið skv sveitarstj lögum	56%	61%	77%	82%	77%
Veltufé frá rekstri/rekstrartekjum	3,1%	0,9%	-0,6%	6,5%	6,3%
Framlegð (EBIDTA)/rekstrartekjur	0,0%	2,8%	-1,4%	4,5%	9,3%

¹⁰ Sjá lýsingar á kennitölum í viðauka 1. Fjárhæðir fyrri ára í kennitölum og myndum taka mið af útgefnum ársreikningum fyrri ára. Þeim er því ekki breytt þó fjárhæðum samanburðarárs í ársreikningi sé breytt.

Aðrir áhugaverðir mælikvarðar A-hluta



Fjármagnsliður A-hluta


Fjármagnsliður A-hluta sem samanstendur af fjármagnslið aðalsjóðs og eignasjóðs, var neikvæður um 3.853 m.kr. á árinu 2024 sem er 1.244 m.kr. betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlun.

Fjármunatekjur A-hluta voru 7.291 m.kr. sem var 532 m.kr. umfram áætlun tímabilsins. Betri niðurstaða skýrist einna helst af vöxtum af skatttekjum sem var 266 yfir áætlun og ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár sem var 156 m.kr. yfir áætlun sem einkum má rekja til betri ávöxtunar á skuldabréfasafni en áætlun gerði ráð fyrir. Tekjur af ábyrgðargjaldi voru 65 m.kr. yfir áætlun og aðrar vaxtekjur 45 m.kr. yfir áætlun.


Fjármagnsgjöld A-hluta voru 11.143 m.kr. sem er 712 m.kr. undir áætlun. Skýrist það af 869 m.kr. lægri vaxta- og verðbótagjöldum vegna verðbólguþróunar sem var undir forsendum fjárhagsáætlunar. Vaxtagjöld voru hins vegar heldur hærri en áætlun gerði ráð fyrir. Fjármagnstekjuskattur er 97 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir, m.a. vegna betri ávöxtunar skuldabréfasafns. Önnur fjármagnsgjöld voru 60 m.kr. yfir áætlun sem einkum má rekja til reksturs hlutdeildarfélaga, eða 55 m.kr.

Fjármagnsliður A-hluta 2024 (í m.kr.)	Raun	Áætlun	Frávik
Ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár	806	650	156
Vaxtekjur af skatttekjum	326	60	266
Aðrar vaxtekjur	9	1	8
Dráttarvaxtekjur	126	89	37
Tekjur af ábyrgðargjaldi	348	283	65
Arður	5.676	5.677	0
Fjármunatekjur samtals	7.291	6.759	532
Vaxta- og verðbótagjöld	-10.718	-11.587	869
Dráttarvaxtagjöld	-2	-5	3
Fjármagnstekjuskattur	-229	-132	-97
Lántökukostnaður	-139	-131	-8
Önnur fjármagnsgjöld	-55		-55
Fjármagnsgjöld samtals	-11.143	-11.855	712
Samtals	-3.853	-5.096	1.244


Handbært fé A-hluta í lok ársins var 12.151 m.kr. sem skiptist í skuldabréfasafn 7.560 m.kr., peningamarkaðsinnlán 2.000 m.kr., stöðu á gjaldeyrisreikningi í evrum 2.301 m.kr. og stöðu á veltureikningum 290 m.kr. Handbært fé hækkaði um 645 m.kr. árinu. Fjárhagsáætlun 2024 gerði ráð fyrir að handbært fé myndi lækka um 1.599 m.kr. árinu.



Ávöxtun handbærs fjár var 156 m.kr. umfram áætlun tímabilsins. Vaxtekjur voru 806 m.kr. samanborið við 650 m.kr. sem áætlunin hljóðaði upp á. Frávikið skýrist annars vegar af ávöxtun á skuldabréfasafni Reykjavíkurborgar sem var 189 m.kr. yfir áætlun og hins vegar að ávöxtun peningamarkaðsinnlána var 42 m.kr. undir áætlun. Ávöxtun skuldabréfasafnsins var 7,79% á tímabilinu en safnið er í umsjón Íslenskra verðbréfa hf.



Langtímaskuldir Reykjavíkurborgar námu 131.551 m.kr. í árslok. Eftirfarandi mynd sýnir þróun þeirra frá árinu 2014. Staða langtímaskulda var 122.941 m.kr. í upphafi árs og hækkaði um 8.609 m.kr. á árinu. Ný lántaka nam 16.230 m.kr. og verðbætur og afföll 3.834 m.kr. en á móti vegur að greiddar voru afborganir að fjárhæð 11.455 m.kr.



Fjármögnun Reykjavíkurborgar með áföllnum vöxtum á árinu 2024 nemur 16.342 m.kr. að markaðsvirði og er í samræmi við lántökuáætlun ársins sem hljóðaði upp á 16.500 m.kr. Undir lok árs var dregið á lán til 20 ára hjá CEB að fjárhæð 16 m. evra eða u.þ.b 2.321 m.kr. Sjá nánar um lántöku ársins í töflu.


Flokkar	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Septembar	Nóvember	Desember
RVK 53 1	532			215			
RVK 32 1			100				
RVK 44 1					4.090	1.200	1.028
RVKG 48 1							
RVKN 27 1				3.000			
RVKN 35 1	770	2.086	250	101			649
RVKNG 40 1							
CEB - EUR							2.321
Samtals markaðsverð	1.302	2.086	350	3.316	4.090	1.200	3.998
Uppsafnað markaðsverð	1.302	3.388	3.738	7.054	11.144	12.344	16.342
Áætluð lántaka - jafnskipt	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500	1.500
Eftirstöðvar áætlaðrar lántöku	15.198	13.112	12.762	9.446	5.356	4.156	158

Verðtryggingarhlutfall útgefinna skuldabréfa og lána hjá viðskiptabönkum var 71% um áramót og hlutfall lána með breytilega vexti um 10%. Verðtryggði skuldabréfaflokkurinn RVK 53 1 er enn stærstur eða 32% af eftirstöðvum. Eftirfarandi tafla sýnir stöðu langtímalána við áramót.

Flokkur	Samtals útgefið 31.12.2024	Vextir	Greiðslutegund	Eftirstöðvar 31.12.2024	Lokagjaldldagi	Visitölutenging	Meðaltími í árum	Lánstími í árum	Hlutfall
RVKN 27 1	3.000.000	9,52%	Kúlubréf	3.000.000	26.4.2027	Óverðtryggt	2,2	2,3	2,3%
RVKN 35 1	30.685.000	6,72%	Jafnar afborganir	16.428.881	26.3.2035	Óverðtryggt	4,3	10,2	12,5%
RVKNG 40 1	9.130.000	4,50%	Jafnar afborganir	7.293.817	21.8.2040	Óverðtryggt	5,9	15,6	5,5%
Íslandsbanki - langtímalán	6.000.000	Breytilegir	Óreglulegt	5.700.000	1.11.2032	Óverðtryggt	0,1	7,8	4,3%
Landsbanki - langtímalán	4.000.000	Breytilegir	Jafnar afborganir	3.466.667	25.10.2037	Óverðtryggt	0,3	12,8	2,6%
RVK 32 1	32.853.000	2,50%	Jafngreiðslubréf	26.921.732	21.10.2032	Verðtryggt	3,8	7,8	20,5%
RVK 44 1	6.350.000	3,75%	Jafngreiðslubréf	6.227.944	21.5.2044	Verðtryggt	8,8	19,4	4,7%
RVKG 48 1	15.345.000	2,39%	Jafngreiðslubréf	16.876.395	21.10.2048	Verðtryggt	10,5	23,8	12,8%
RVK 53 1	24.710.000	4,40%	Jafngreiðslubréf	41.197.116	10.12.2053	Verðtryggt	12,4	28,9	31,3%
Landsbanki - langtímalán	2.000.000	Breytilegir	Jafnar afborganir	1.981.889	25.10.2037	Verðtryggt	0,3	12,8	1,5%
Jöfnunarsjóður	180.000	2,00%	Jafnar afborganir	144.500	1.1.2037	Verðtryggt	5,5	12,0	0,1%
CEB	2.311.680	Breytilegir	Jafnar afborganir	2.311.680	15.12.2044	EUR	0,5	20,0	1,8%
Samtals langtímaskuldir				131.550.620			7,4	18,1	

* Allar fjárhæðir í þús. króna

Virkir vextir af langtímalánum í íslenskum krónum eru vegnir vextir hvernar útgáfu af heildarútgáfu í sérhverjum skuldabréfaflokki. Virkir vextir óverðtryggðra lána í lok tímabilsins stóðu í 7,79%. Virkir vextir verðtryggðra lána stóðu í 3,07% í lok árs. Langtímalán hjá Landsbanka, Íslandsbanka og CEB bera breytilega vexti en samtals hafa verið tekin lán að fjárhæð 14.312 m.kr. með breytilegum vöxtum eða um 11% af heildar langtímaskuldum.



2.4.1. Skulda- og áhættustýring

Stærsta áhætta sem snýr að fjármagnslið A-hluta er verðbólguáhætta en meirihluti skulda er verðtryggður. Reykjavíkurborg á verðtryggðar eignir sem eru að megninu til verðtryggð markaðsskuldabréf í verðbréfasafni. Þar sem verðtryggðar skuldir eru hærri en verðtryggðar eignir hefur verðbólga neikvæð áhrif á fjármagnslið Reykjavíkurborgar.

Lausafjáráhætta er önnur áhætta sem Reykjavíkurborg fylgist vel með í gegnum sjóðstreymi. Reglur Reykjavíkurborgar um fjárstýringu kveða á um að tryggt skuli vera að Reykjavíkurborg hafi ávallt aðgengi að nægu lausu fé til að standa við skuldbindingar borgarsjóðs. Reykjavíkurborg er með samning um yfirdráttarlán hjá Landsbanka að fjárhæð 8 ma.kr. til að jafna sveiflur í sjóðstreymi innan mánaðar. Vegna óvissu um þróun á handbæru fé var á vormánuðum samið um skammtíma lánalínu við Arion banka að fjárhæð 4 ma.kr. Dregið var á lánalínuna á miðju ári en samningurinn var ekki endurnýjaður.

Vaxtaáhætta er til staðar vegna lána með breytilegum vöxtum sem taka mið af markaðsvöxtum á hverjum tíma. Lán með breytilegum vöxtum eru um áramót 10% af heildarlánum Reykjavíkurborgar. Hækkun markaðsvaxta hefur neikvæð áhrif á rekstur Reykjavíkurborgar.


Hér að neðan er listi yfir helstu aðgerðir í skuldastýringu á tímabilinu:

1. Í apríl 2024 gaf Reykjavíkurborg út nýjan óverðtryggðan stuttan skuldabréfaflokk, RVKN 27 1. Skuldabréfið er vaxtagreiðslubréf með lokagjalddaga 26. apríl 2027 og tveimur vaxtagjalddögum á ári. Nafnvextir skuldabréfsins eru 9,52%. Skuldabréf að nafnvirði 3.000 m.kr. voru gefin út í þessum flokki í apríl 2024.
2. Í júní 2024 var undirritaður lánssamningur við Þróunarbanka Evrópuráðsins (CEB) að fjárhæð 100 milljónir evra eða sem samsvarar 15 milljörðum króna. Tilgangur lántökunnar er að fjármagna viðhaldsátak í grunnskólum, leikskólum og frístund. Undir lok árs var dregið á lánið 16 milljónir evra eða sem nemur 2.321 m.kr. Í árslok var ekki búið að selja evrurnar fyrir krónur svo eign í evrum jafngildir skuld í evrum.
3. Í september 2024 stofnaði Reykjavíkurborg nýjan verðtryggðan skuldabréfaflokk RVK 44 1. Skuldabréfið er verðtryggt jafngreiðslubréf með lokagjalddaga 21. maí 2044 og tveimur gjalddögum á ári. Nafnvextir skuldabréfsins eru 3,75%. Tilgangur þessarar útgáfu er að koma með nýjan valkost á móti skuldabréfaflokkunum RVK 32 1 sem er orðinn stuttur í líftíma og stór í útgáfu og RVK 53 1 sem er einnig stór í útgáfu. Skuldabréf að nafnvirði 6.350 m.kr. voru gefin út í þessum skuldabréfaflokki á árinu 2024.

Reykjavíkurborg var með sex útboð á skuldabréfum á innlendum lánamarkaði á árinu 2024. Útgáfuáætlun gerði ráð fyrir tíu útboðum á þessu tímabili en þrjú voru felld niður. Útboð í janúar, febrúar, mars, apríl, nóvember og desember voru í umsjón viðskiptavaka, Fossar sáu um útboð í apríl þar sem selt var í nýjum stuttum óverðtryggðum skuldabréfaflokki, RVKN 27 1, og Landsbankinn hafði umsjón með útboði í september þar sem selt var í nýjum löngum verðtryggðum skuldabréfaflokki, RVK 44 1.

2.4. Skattspor A-hluta

Skattsporið samanstendur af sköttum til ríkisins sem voru gjaldfærðir í rekstri A-hlutans og þeim sköttum og gjöldum sem innheimtir voru og staðin voru skil á vegna starfseminnar. Samtals námu skattar til ríkisins umfram endurgreiðslur 10.342 m.kr. og hækkuðu um 985 m.kr. samanborið við árið 2023.



Stærsti liðurinn var tryggingargjald af launum sem nam 6.200 m.kr. og hækkaði um 359 m.kr. milli ára.

Annar stærsti liður var innskattur sem ekki fæst endurgreiddur sem nam 6.085 m.kr. en hann var tilkominn vegna kaupa á vörum og þjónustu sem nýtt voru í óskattskyldum rekstri borgarinnar. Hann lækkaði um 242 m.kr. samanborið við síðasta ár.

Endurgreiddur virðisaukaskattur til opinberra aðila nam 2.396 m.kr. og hækkaði um 157 m.kr. milli ára. Þar var um að ræða endurgreiddan virðisaukaskatt sem sveitarfélög ofl. opinberir aðilar fá vegna kaupa af tilteknum aðföngum s.s. af sorphreinsun, ræstingu, sjómokstri, sérfræðiþjónustu og fleiri liðum í samræmi við reglugerð nr. 248/1990.

Viðauki 1: Skilgreiningar á hugtökum og kennitölur

Ársreikningi er ætlað að veita upplýsingar um afkomu stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar og um fjárhagslega stöðu þeirra.

Með framsetningu á kennitölum má á samþjöppaðan og einfaldan hátt veita upplýsingar úr ársreikningi um arðsemi og fjárhagsstöðu. Kennitölur byggja á þeim reikningsskilaaðferðum sem notaðar eru af viðkomandi aðila. Þetta býður upp á marga túlkunarmöguleika. Varhugavert er að draga of miklar ályktanir af einni kennitölu fyrir eitt tiltekið ár. Þær verður yfirleitt að skoða í samhengi við aðrar mikilvægar kennitölur og þróun þeirra yfir tímabil, a.m.k. þrjú ár. Kennitölur ætti líka að bera saman við kennitölur annarra aðila í skyldri starfsemi til að sjá þær í eðlilegu samhengi. Þá er ástæða til að vara við því að sumar kennitölur geta verið viðkvæmar fyrir breytingum á lágum fjárhæðum.

Í þessar skýrslu Fjármálaskrifstofu er stuðst við eftirfarandi kennitölur:

Arðsemi eigin fjár (Return on equity ratio): Hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs

Mælt sem hlutfall rekstrarniðurstöðu eftir fjármagnsliði á móti eigin fé í upphafi árs. Sýnir getu fyrirtækis til að ávaxta fjármuni sem eru bundnir í því. Það er spurning hvort þetta hlutfall er nothæft sem kennitala fyrir sveitarfélag. Það ber a.m.k. að túlka það varlega í því samhengi, sérstaklega vegna þess að eignir í A-hluta sveitarsjóðs eru metnar samkvæmt kostnaðarverðsreglu. Hér má hafa í huga að fjármagnsvextir á skuldabréfum í milliviðskiptum Aðalsjóðs og Eignasjóðs eru 4%. Arðsemiskrafa eigin fjár í einkageira er samsett úr áhættulausum vöxtum ásamt áhættuálagi markaðar. Arðsemi eiginfjár gefur vísbendingu um hvort jafnvægisregla skv. sveitarstjórnarlögum sé uppfyllt.

Arðsemi fjármagns (Return on Capital Employed (ROCE))

Mælt sem hlutfall EBIT af heildareignum. Sýnir arðsemi þess fjármagns sem bundið er í rekstrinum.

EBIT

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og skatta.

EBITDA

Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði, skatta, afskriftir og endurmat.

Framlegð (EBITDA) og veltufjárhlutföll

Eftirlitsnefnd sveitarfélaga leggur einnig áherslu á kennitölurnar framlegð og veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum í samhengi við skuldareglu sveitarstjórnarlaga. Ef miðað er við 150% skuldir og skuldbindingar í hlutfalli af tekjum þá þarf veltufé frá rekstri að vera a.m.k. 7,5% af heildartekjum til að standa undir samningsbundnum afborgunum langtímalána með 20 ára greiðslutíma. Þá er í viðmiðum Eftirlitsnefndarinnar gert ráð fyrir að fjárfestingar nemi 5% af heildarskuldum og þær séu fjármagnaðar með lántöku, þannig að skuldir og skuldbindingar verði áfram 150% af tekjum.

Eiginfjárhlutfall (Equity ratio)

Mælt sem hlutfall eigins fjár á móti heildarfjármagni. Hlutfallið sýnir fjárhagslegan styrk eða tappól fyrirtækis. Það er ekki til faglega einhlítur mælikvarði á æskilegt eða nauðsynlegt eiginfjárhlutfall, hvorki hjá sveitarfélögum eða fyrirtækjum. Almennt hefur 50% eiginfjárhlutfall sveitarfélags talist ásættanlegt. Síðan má velta fyrir sér merkingu eiginfjárhlutfalls hjá sveitarfélagi gagnvart lánadrottnum, þar sem sveitarfélag getur almennt ekki selt eignir eins og skóla til að standa skil á skuldum. Öðru máli gegnir um fyrirtæki, enda fjármagna þau gjarnan stóran hluta af varanlegum rekstrarfjármunum með lánsfé. Eiginfjárhlutfall þeirra skiptir máli gagnvart lánveitendum en mikill munur er á hvað telst ásættanlegt í þeim efnum og fer það m.a. eftir atvinnugreinum og því hvort um fjármagnsfreka starfsemi er að ræða. Þannig geta fjármagnsfrek iðnfyrirtæki og fjármálastofnanir verið með eiginfjárhlutfall undir 20%. Líta má á OR sem fjármagnsfrekt orkuframleiðslufyrirtæki á uppbyggingarskeiði með mikla lánsfjárbörf sem hefur áhrif á hvernig túlka ber eiginfjárhlutfall A- og B-hluta.

FFO mælikvarðinn (Funds from operation)

FFO er mælikvarði á veltufé frá rekstri sem skilgreindur hefur verið af Moody's og notaður er við mat á fjárhagsstöðu Orkuveitu Reykjavíkur. Hann er reiknaður sem veltufé frá rekstri án vaxta og skatta, að viðbættum vaxtatekjum og tekjum af arðgreiðslum, en að frádrægnum gjaldfærðum vöxtum, eignfærðum vöxtum, greiðslum vegna annarra fjármagnsliða og tekjuskatti.

FFO vaxtaþekja

FFO vaxtaþekja mælir getu Orkuveitu Reykjavíkur til að standa við vaxtagreiðslur félagsins með handbæru fé þess. Hann er reiknaður með handbæru fé frá rekstri í sjóðstreymi að viðbættum vaxtagjöldum, deilt með vaxtagjöldum úr rekstrarreikningi.

FFO/nettó skuldir

FFO/nettó skuldir er mælikvarði sem einnig hefur verið skilgreindur af Moody's. En þar er hlutfall FFO vaxtaþekju fundið með heildar nettó skuldum. Nettó skuldir eru skilgreindar neðar.

Handbært fé í lok tímabils

Handbært fé í lok tímabils lýsir þeirri peningamyndun sem reksturinn skilar af sér á tímabilinu þegar búið er að taka tillit til breytinga á rekstrartengdum eignum og skuldum, fjárfestingahreyfinga og fjármögnunarahreyfinga.

Hreinar skuldir og skuldbindingar

Hreinar skuldir og skuldbindingar eru skilgreindar sem heildarskuldir og skuldbindingar að frádregnum veltufjármunum og langtímafröfum. Hreinar skuldir lýsa þannig skuldastöðu A-hluta þegar tekið hefur verið tillit til peningalegra eigna.

Hreinar vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir að frádregnum vaxtaberandi eignum. Það eru langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum langtímafröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfum, bundnum bankainnstæðum og handbæru fé.

Jafnvægisviðmið

Skv 64 gr sveitarstjórnarlaga skulu samanlögð heildarútgjöld samstæðu á hverju þriggja ára tímabili ekki vera hærri en nemur samanlögðum reglulegum tekjum og skal ráðherra setja reglugerð um framkvæmdina.

Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.

RFC/nettó skuldir

RFC er FFO að frádregnum arðgreiðslum. Mælikvarði er reiknaður eins og FFO/nettó skuldum nema leiðrétt fyrir greiddum arði félagsins.

Skuldsetningarhlutfall (Gearing ratio)

Mælt sem hlutfall langtímaskulda á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu skuldsettra fyrirtækja. A-hluti sveitarsjóðs tekur ekki lán til að fjármagna rekstur eða áhættufjárfestingar heldur til að fjármagna nauðsynlega uppbyggingu í varanlegum rekstrarfjármunum, s.s. skólum. Sú fjárfesting er ekki gerð í hagnaðarskyni. Þess vegna er mikilvægt að A-hluti hafi gott greiðsluhæfi og sterka eiginfjárstöðu vegna langtímalána. Langtímalán eru lykilatriði fyrir uppbyggingu varanlegra rekstrarfjármuna í fyrirtækjum og markmiðið er að þau hámarki arðsemi eigin fjár. Á uppbyggingarskeiði varanlegra rekstrarfjármuna í fjármagnsfrekum rekstri getur þessi kennitala orðið mjög há. Fyrirtæki með hátt skuldsetningarhlutfall eru viðkvæm fyrir hagsveiflum enda þurfa þau að greiða af skuldum sínum þótt tekjur lækki eða vextir hækki. Lágt hlutfall eigin fjár í fyrirtæki og hátt hlutfall lánsfjár sýnir alltaf ákveðinn fjárhagslegan veikleika.

Skuldaviðmið

Skuldaviðmið er reiknað sem hlutfall skulda og skuldbindinga að frádregnum veltufjármunum, fyrirfram greiðslu til Brúar vegna framtíðarskuldbindinga og núvirtum framtíðar lífeyrisskuldbindingum eftir 15 ár á móti tekjum, í samræmi við reglugerð nr. 502/2012, með síðari breytingum.

Með 13. gr. laga nr. 25/2020 og 2. gr. laga nr. 22/2021 hefur Alþingi vikið til hliðar fjármálareglum sveitarfélaga í ákvæði 64. gr. sveitarstjórnarlaga til loka árs 2025.

Skuldaþekja (Debt service coverage ratio)

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT), m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði, á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins afborgunum og vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í

fjármagnsfrekum greinum þarf hærra hlutfall en ella. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR og Félagsbústöðum undanskildum er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Skuldaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti afborgunum og nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla greiðsluhæfi fyrirtækis. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir afborgunum og vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd skuldaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Uppgreiðslutími langtímaskulda (Downpayment of debt)

Uppgreiðslutími langtímaskulda er reiknaður sem hlutfall af langtímaskuldum og næsta árs afborgun langtímaskulda á móti veltufé frá rekstri. Kennitalan sýnir hvað fyrirtækið er lengi að greiða upp skuldir sínar m.v. að öllum fjárfestingum væri hætt og rekstur væri óbreyttur og ætti að standa undir skuldaskilum.

Vaxtaþekja (Interest expence coverage ratio)

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarhagnaðar (EBIT), m.ö.o. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði á móti nettó vaxtagreiðslum, er oft notuð til að mæla getu fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að vera vel yfir 1 til að mæta ekki aðeins vaxtagreiðslum heldur einnig fjárfestingarþörf sem afskriftum er ætlað að gefa vísbendingu um. Í fjármagnsfrekum greinum er jafnvel talið að hlutfallið þurfi að vera um 2. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Vaxtaþekja mæld sem hlutfall rekstrarniðurstöðu fyrir fjármagnsliði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti nettó vaxtagreiðslum er einnig oft notuð til að mæla hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta. Ef hlutfallið er innan við 1 dugir rekstrarniðurstaðan ekki fyrir vaxtagreiðslum. Almenn er litið svo á að þetta hlutfall þurfi að talsvert hærra en fyrrnefnd vaxtaþekja enda ekki tekið tillit til fjárfestingarþarfar. Varasamt er að nota þennan mælikvarða nema til skoðunar á skammtíma samhengi. Taka ber fram að hjá B-hluta fyrirtækjum að OR undanskildu er ekki hægt að aðgreina vaxtagreiðslur frá gengis- og verðbótaliðum en það getur takmarkað skýringargetu kennitölunnar.

Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum (Working capital provided by operating activities/Total revenue)

Mælt sem hlutfall veltufjár frá rekstri af rekstrartekjum. Kennitalan gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar fyrir afborganir skulda og skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meiri er geta fyrirtækis til að vaxtar og viðhalds eigna.

Veltufjárhlutfall (Current ratio)

Mælt sem hlutfall veltufjármuna á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á næstu tólf mánuðum. Hlutfall innan við einn gefur vísbendingu um að rekstrareiningin hafi ekki getu til að standa við skammtímaskuldbindingar sínar á næstu mánuðum. Þegar horft er til A-hluta sveitarsjóðs sem er að stórum hluta fjármagnaður með lögbundnum skatttekjum, ætti að gera kröfu um hærra hlutfall en hjá fyrirtækjum, þ.e. að minnsta kosti 1,20 en sömu kröfu þarf ekki að gera til A- og B-hluta.

Veltufjármunir (Current assets)

Veltufjármunir er sérstök flokkun eigna í ársreikningi. Um er að ræða eignir sem hægt er að breyta í reiðufé eða ráðstafa innan eins árs. Veltufjármunir eru sjóðir, bankainnistæður, birgðir og aðrar skammtímakröfur.

	A-hluti (m.kr.)	Atkvæði 95,70%	Faxaflóahafnir 75,56%	Félagsbústaðir 100,00%	Meðlikunar- stöðin Höfði 100,00%	Þróttá- og sýningahólinn 50,00%	Jafnaunastofa sf. 50,00%	Orkuveita Reykjavíkur 93,53%	Slökkvilið höfðbúsv. 60,82%	Sorpa 58,30%	Strætó 60,30%	Þjófbarleikvangur 50,00%	A- og B-hluti -
Eignarhlutur Rvk	-												-
Rekstrartekjur	194.451	0	6.469	7.078			89	66.782	5.291	7.778	11.863	0	277.439
Rekstrargjöld	185.852	0	5.139	4.121			90	44.550	5.112	7.286	11.546	11	242.331
Afskriftir	9.561	0	898	17			0	16.830	153	658	245	0	27.875
Fjármagnslóðir	-3.797	0	297	-4.272			0	-12.237	57	-229	-113	0	-25.955
EBIT	8.598	0	1.330	2.957			-1	22.232	179	491	317	-11	35.107
EBITDA	18.159	0	2.228	2.974			-1	39.062	332	1.149	562	-11	62.982
Hagnaður (- tap)	4.746	0	1.652	1.277			-1	9.309	236	263	204	-11	10.677
Fasta fjármunir	257.721	2	15.117	161.497			3	470.877	2.770	8.245	2.199	0	897.908
Veltufjármunir	34.495	7	5.248	1.197			4	39.075	1.229	1.261	853	1	80.917
Heildareignir	292.217	9	20.365	162.695			7	509.953	4.000	9.506	3.052	1	978.825
Skammtímaskuldir	32.582	0	674	2.615			9	31.537	862	1.057	1.405	9	68.864
Langtímaskuldir	134.833	0	0	62.120			0	4.193	192	1.925	1.563	0	388.223
Skuldbindingar	36.160	0	0	139			0	23.892	0	487	244	0	67.886
Heildarskuldir	203.575	0	674	76.268			9	244.221	1.054	3.469	3.213	9	524.973
Eigið fé 1/1	81.254	9	18.123	85.149			-1	258.984	2.710	5.775	-364	2	437.089
Eigið fé 31/12	88.642	9	19.691	86.427			-1	265.732	2.946	6.037	-161	-9	453.852
Skuldir og eigið fé	292.217	9	20.365	162.695			7	509.953	4.000	9.506	3.052	1	978.825
Veltufé frá rekstri	12.234	0	2.517	1.654			-1	29.113	399	1.022	514	-11	40.296
Handbætt fé frá rekstri	10.841	-1	2.565	1.755			-3	29.725	610	941	300	-4	39.621
Fjárfestingahreyfingar	-13.146	0	-1.711	-1.739			0	-34.783	-598	-523	-195	0	-51.757
Ný langtímalán og stofnframlög	17.039	0	0	443			0	34.509	0	41	0	0	52.159
Greiddar afborganir	-13.253	0	0	-1.606			0	-17.443	-18	-268	-108	0	-32.504
Framlag v. lífeyrisskuldbindingar	-1.667	0	0	0			0	0	0	0	0	0	-1.717
Nýtt framlag eigna	0	0	0	0			0	0	0	0	0	0	0
Greiddur arður	0	0	-84	0			0	-6.000	0	0	0	0	-388
Staða á handbæru fé 31/12	12.151	0	4.821	46			1	16.438	1.043	509	367	0	34.133
Eiginfjárluþfall	30%	100%	97%	53%			-17%	52%	74%	64%	-5%		46%
Arðsemi eigin fjár	5,8%	-0,7%	8,3%				139,8%	2,5%	8,7%	4,5%			2,6%
Veltufjárluþfall	1,06		7,79	0,46			0,51	1,24	1,43	1,19	0,61	0,05	1,18
Langtímaskuldir/eigið fé	152,1%		0,0%	71,9%					6,5%	31,9%		0,0%	85,5%
Vaxtaberandi skuldir/eigið fé bara OR													
Vaxtabekja, EBIT/netto vextir				2,23					69,5%				
Skulðabekja, EBIT/(gr. afb.-netto vextir)				1,01									
Uppgreiðslutími	11,78			38,56					0,53	2,09	3,28	0,00	10,41
Veltufé frá rekstri/rekstratekjum	6,3%		38,9%	23,4%					7,5%	13,1%	4,3%		14,5%

Skýringar

Eiginfjárluþfall Eigið fé á móti heildarfjármagni. Sýnir fjárhagslegan styrk fyrirtækis (tapból).

Arðsemi eigin fjár Hagnaður á móti eigið fé. Segir til um ávöxtun eigin fjár í fyrirtæki

Veltufjárluþfall Veltufjármunir á móti skammtímaskuldum. Sýnir hæfi fyrirtækis að inni af hendi skuldagreiðslur á næstu mánuðum.

Langtímaskuldir / eigið fé Langtímaskuldir á móti eigin fé. Sýnir fjárhagslega áhættu af skulðsetningu fyrirtækis.

Vaxtabekja, EBIT/netto fjárm. Rekstrarmiðurstæða fyrir fjármagnslóði á móti vaxtagreiðslum

Vaxtabekja, EBITDA/netto fjárm. Rekstrarmiðurstæða fyrir fjármagnslóði, skatta, afborganir og afskriftir (EBITDA) á móti vaxtagreiðslum

Skulðabekja, EBIT/(gr. afb.-netto fjárm.) Rekstrarmiðurstæða fyrir fjármagnslóði á móti afborganum og vaxtagreiðslum

Uppgreiðslutími skulda (gr) Langtímaskuldir á móti veltufé frá rekstri.

Viðauki 2: Lánveitendur A-hluta og A-og B-hluta

Lánveitendur	(í m.kr.)	A-hluti	A- og B-hluti
ABSEK			829
Arion			5.072
CEB		2.312	6.620
Depfa ACS Bank			2.778
EIB			19.556
Ergo kaupleiga			23
EURO HYPO			1.151
Fjárfestingasjóðurinn ÍSH			2.529
Húsnaðis- og mannvirkjastofnun			21.867
Íslandsbanki		5.700	15.748
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga		145	847
Landsbankinn		5.449	8.571
Lánasjóður sveitafélaga			12.671
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitafélaga			3.809
Munck Finance Iceland ehf.			45
NIB			27.754
Skuldabréfaútgáfa OR			130.189
Skuldabréfaútgáfa Félagsbústaða			26.734
Skuldabréfaútgáfa RVK 53 01		41.197	41.197
Skuldabréfaútgáfa RVKN 32 1		26.922	26.922
Skuldabréfaútgáfa RVKN 35 1		16.429	16.429
Skuldabréfaútgáfa RVKN 48 1 (Græn skbr.)		16.876	16.876
Skuldabréfaútgáfa RVKN 40 1 (Græn skbr.)		7.294	7.294
Skuldabréfaútgáfa RVK 44 1		6.228	6.228
Skuldabréfaútgáfa RVKN 27 1		3.000	3.000
Stofnframlög frá ríki			7.082
Lántaka A- og B-hluta:		131.551	411.821
Leiguskuldir		12.540	12.823
Lántaka og leiguskuldir A- og B-hluta		144.091	424.645

Viðauki 3: Fjármögnun verkefna sem unnin eru fyrir ríkið

Málefni fatlaðs fólks Heildarkostnaður vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 23.373 m.kr. og tekjur sem komu á móti voru 16.504 m.kr. Rekstrarniðurstaða var neikvæð um 6.869 m.kr. eða 314 m.kr. innan fjárheimilda.

Málefni fatlaðs fólks janúar - desember 2024			
Tekjur:	í m.kr.	Rauntölur	Áætlun
Framlag frá Jöfnunarsjóði		13.308	12.532
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. NPA þjónustu		560	577
Framlag frá Jöfnunarsjóði v. lengdrar viðveru		0	0
Útsvarstekjur 0,25% RVK		2.203	2.202
Þjónustutekjur		267	111
Dagþjónusta við önnur sveitarfélög		166	29
Tekjur alls		16.504	15.451
Gjöld:			
Laun og launatengd gjöld		14.697	14.056
Húsaleiga		721	680
Annar rekstrarkostnaður		699	844
NPA þjónusta		2.212	2.269
Þjónustugjöld (samningar)		4.021	3.782
Stjórnunarkostnaður		53	58
Lengd viðvera ÍTR		234	251
Lengd viðvera SFS		736	694
Gjöld alls		23.373	22.635
Niðurstaða		-6.869	-7.183

Samanlagður kostnaður umfram tekjur vegna málefna fatlaðs fólks á árunum 2011-2024 nam alls 50.673 m.kr.¹¹

Málefni fatlaðs fólks	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Tekjur	4.153	4.804	5.098	5.246	5.993	6.656	7.279	7.790	7.944	8.938	9.385	10.525	13.467	16.504
Gjöld	4.430	4.868	5.512	6.233	7.074	8.018	9.385	10.597	12.151	14.880	16.440	19.804	21.689	23.373
Gjöld umfram tekjur	-277	-64	-414	-987	-1.081	-1.362	-2.106	-2.807	-4.207	-5.942	-7.055	-9.279	-8.222	-6.869
Uppsafnaður mismunur	-277	-341	-755	-1.742	-2.823	-4.185	-6.291	-9.098	-13.305	-19.247	-26.302	-35.581	-43.803	-50.673

¹¹ Fjárhæðir eru á verðlagi þess árs sem þær tilheyra.

Hjúkrunarheimili Útgjöld hjúkrunarheimila umfram tekjur hafa verið mikill síðustu ár. Þegar Reykjavíkurborg tók að sér að annast rekstur hjúkrunarheimila fyrir hönd ríkissjóðs var gert ráð fyrir að rekstur hjúkrunarheimilanna yrði að fullu fjármagnaður með framlögum úr ríkissjóði. Árið 2024 var rekstur hjúkrunarheimila neikvæður um 376 m.kr. Meðfylgjandi mynd sýnir uppsöfnuð útgjöld hjúkrunarheimila umfram tekjur á árunum 2008-2024.

Hjúkrunarheimili Reykjavíkurborgar			
Útgjöld umfram tekjur 2008-2024 (í m.kr. á verðlagi hvers árs)			
Ár	Droplaugarstaðir	Seljahlíð	Samtals
2008	157	57	214
2009	200	74	274
2010	166	68	234
2011	84	70	154
2012	135	80	215
2013	137	103	240
2014	156	113	270
2015	138	131	269
2016	158	98	256
2017	185	86	270
2018	170	86	256
2019	187	120	306
2020	315	133	448
2021	208	129	337
2022	422	137	559
2023	280	106	386
2024	276	100	376
Samtals	3.374	1.691	5.064

Tónlistarskólar Útgjöld voru um 1.630 m.kr. eða 15 m.kr. yfir fjárheimildum. Framlög til tónlistarskóla vegna grunnnáms og miðnáms í hljóðfæraleik sem Reykjavíkurborg ber kostnaðinn af námu 1.281 m.kr. og framlög til tónlistarskóla frá Jöfnunarsjóði námu 349 m.kr.

Viðauki 4: Jöfnunarsjóður, sundurliðun á greiðslum

Eftirfarandi tafla sýnir sundurliðun á greiðslum Reykjavíkurborgar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslur Jöfnunarsjóðs til Reykjavíkurborgar á móti. Þar sem fram kemur að Reykjavíkurborg fær 1.193 m.kr. meira en áætlað var og greiðir 2 m.kr. meira en áætlað var inn í sjóðinn:

Greiðslur í Jöfnunarsjóð	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Hlutd. Jöfnunarsj. í staðgreiðslu vegna grunnskóla	6.784	6.784	1	0,0%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr. v málefna fatlaðra	12.687	12.686	1	0,0%
Samtals greiðslur í Jöfnunarsjóð	19.472	19.470	2	0,0%

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Framlag vegna málefna fatlaðs fólks	13.308	12.532	777	6,2%
Framlag vegna sérskóla	2.108	1.850	257	13,9%
Jöfnunarsj. v. samþættingar þjón. í þágu f. barna	405	413	-8	-2,0%
Framlag vegna tónlistarskóla	398	361	37	10,2%
Framlag v. gjaldfrjálsra skólamáltíða	567	567	0	0,0%
Annað	212	122	90	73,7%
Samtals greiðslur frá Jöfnunarsjóði	16.997	15.845	1.152	7,3%

Greiðslur frá Jöfnunarsjóði - Eignfært í ES	Raun 2024	Áætlun 2024	Frávik	%
Aðgengismál - gatnamál 2024	41	0	41	n/a
Samtals eignfærðar greiðslur frá Jöfnunarsjóði	41	0	41	n/a

Heildargreiðslur frá Jöfnunarsjóði	17.038	15.845	1.193	7,5%
Nettó greiðslur í Jöfnunarsjóð	-2.433	-3.625	1.191	-32,9%

Viðauki 5: Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbinding við Lífeyrissjóð Brúar R-deild (áður LsRb):

Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar (LsRb) var sameinaður Lífeyrissjóðnum Brú í ársbyrjun 2024 og er nú Lífeyrissjóður Brú R-deild.

Um er að ræða lokaðan sjóð, þ.e. ekki er tekið við nýjum sjóðfélögum þangað inn. Lðgjöld eru enn að berast í hann en þau fara sífellt minnkandi þar sem sjóðfélögum sem enn eru starfandi fækkar og sjóðfélögum sem hafa hafið töku lífeyris fjölgar. Reykjavíkurborg og dótturfélög eru að fullu í ábyrgð fyrir þessum lífeyrisréttundum og ef eignir sjóðsins duga ekki fyrir réttindum sjóðfélaga þurfa framlög frá launagreiðendum að koma til. Meginhluti réttinda í lífeyrissjóðnum fylgir launabreytingum og eru þau núvirt miðað við 2% raunvexti, en að öðru leyti er núvirt miðað við 3,5% raunvexti. Við tryggingafræðilega athugun Lífeyrissjóðs Brúar R-deildar er notaður reiknigrundvöllur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga frá árinu 2019 að viðbætti spá félagsins frá 2020 um lækun á aldursbundinni dánartíðni, og auglýst var af fjármálaráðuneyti í lok árs 2021 sem hluti staðalforsendna við uppgjör lífeyrissjóða. Mat á lífeyrisskuldbindingu A-hluta var unnin af tryggingastærðfræðingi Lífeyrissjóðsins Brúar.

Góð ávöxtun var af eignum R-deildar sem leiddi til að tryggingafræðileg skuldbinding lækkaði um 2,3 ma.kr. Í desember voru undirritaðir nýir kjarasamningar sem hafa veruleg áhrif á lífeyrisskuldbindinguna en voru fyrir utan tryggingafræðilega matið þar sem það miðast við vísitölu lífeyrisskuldbindinga opinberra starfsmanna frá 1. desember 2023 - 30. nóvember 2024. Þar sem þessar launahækkanir tilheyrðu árinu 2024 og hafa varanleg áhrif á lífeyrisskuldbindinguna voru áhrifin metin og gerð varúðargjaldfærsla upp á 1,2 ma.kr. Engu að síður er um 1,1 ma.kr. lækun á lífeyrisskuldbindingunni að ræða.

Tekjufærsla ársins nam 1,1 ma.kr. í A-hluta og 1 ma.kr. í A- og B-hluta sem var 2,9 ma.kr. undir áætlun bæði í A-hluta og A- og B-hluta. Greiðslur námu 1,5 ma.kr. í A-hluta og A- og B-hluti. Skuldbinding í árslok nam 35,9 ma.kr. í A-hluta og 36,6 ma.kr. í A- og B-hluta.

Lífeyrisskuldbinding við Lífeyrissjóð Brúar A-deild:

Með breytingum á lögum er varðar lífeyrismál opinberra starfsmanna nr. 127/2016, var sú grundvallarbreyting gerð að tryggingafræðileg staða A-deildar naut ekki lengur óbeinnar bakábyrgðar launagreiðanda eins og áður hafði verið. Fór því fram uppgjör á áföllnum lífeyrisskuldbindingum þessa hóps við Brú lífeyrissjóð með eingreiðslu að hálfu launagreiðanda á árinu 2017. Þeir sem náð höfðu 60 ára aldri eða höfðu hafið töku lífeyris við gildistöku laganna í júní 2017 voru þó utan þessa uppgjors. Þar sem tryggingafræðileg staða A-deildar er nú utan vikmarka hefur Brú lífeyrissjóður hafið mánaðarlega innheimtu sem nemur 10% af lífeyrisgreiðslum þessa hóps sem fellur á launagreiðendur. Hófst þessi innheimta í janúar 2024 og mun vara næstu áratugi eða á meðan hópurinn fær greiddan lífeyri.

Lífeyrisskuldbinding vegna þessa hóps er því færð upp í annað sinn í ársreikning Reykjavíkurborgar í ár og nemur gjaldfærsla vegna hennar 209 m.kr. í A-hluta og 229 m.kr. í A- og B-hluta. Greiðslur námu 185 m.kr. í A-hluta og 229 m.kr. í A- og B-hluta. Skuldbinding í árslok nam 2,3 ma.kr. í A-hluta og 2,4 ma.kr. í A- og B-hluta.

Fyrirframgreiðsla til Brúar lífeyrissjóðs:

Í efnahag undir *áhættufjármunir og langtímakröfur* er fyrirframgreiddur kostnaður (lífeyrisauka- og varúðarsjóður) sem er fyrirframgreiðsla til Brúar vegna uppgjors á áföllnum lífeyrisskuldbindingum sjóðfélaga sem voru yngrir en 60 ára og höfðu ekki hafið töku lífeyris árið 2017 þegar lagabreytingar urðu um lífeyrismál opinberra starfsmanna. Um var að ræða eingreiðslu að hálfu launagreiðanda á árinu 2017. Inneignin stendur í árslok í 7,7 ma.kr. í A-hluta og 8,1 ma.kr. í A- og B-hluta. Árleg gjaldfærsla nemur 385 m.kr. í A-hluta og 404 m.kr. í A- og B-hluta og mun haldast óbreytt milli ára. Gjaldfært hefur verið fyrir þessum lið frá árinu 2017 og er gjaldfærslan færð meðal launa og launatengdra gjalda í rekstarreikningi.